

## Nýjar eiginfjárreglur (Basel II)

### Inngangur

Undanfarin ár hefur *Basel-nefndin um bankaeftirlit*<sup>2</sup> unnið að nýjum eiginfjárreglum fyrir alþjóðlega banka (oft nefndar Basel II). Fyrstu drög að nýjum eiginfjárreglum litu dagsins ljós í júní 1999, önnur drög voru birt í janúar 2001 og þau þriðju í apríl 2003. Þá voru framkvæmdar á þessu tímabili þrjár svokallaðar áhrifakannanir (e. Quantitative Impact Studies) til að meta áhrif reglugranna á eiginfjárlutföll banka. Í júní sl. gaf Basel-nefndin út loka-skýrslu um nýjar eiginfjárreglur (e. International Convergence of Capital Measurement and Capital Standards). Þrátt fyrir lokaskýrsluna áskilur nefndin sér rétt til að breyta reglunum komi í ljós annmarkar á þeim á síðari stigum.

Núgildandi eiginfjárreglur frá Basel-nefndinni eru frá árinu 1988 (Basel I). Þær reglur innihéldu staðlaðar aðferðir við útreikning á eiginfjárkröfu útlána en síðar var meðhöndlun markaðsáhættu bætt við reglurnar. Meðal helstu breytinga með nýju eiginfjárreglunum er notkun á áhættumati matsfyrirtækja, innra mat banka við útreikning á eiginfjárkröfu og útreikningur á eiginfjárkröfu vegna rekstraráhættu. Í nýju reglunum eru settar fram ýmsar lágmarkskröfur sem bankar verða að uppfylla, einkum vegna innra matsins. Nýju eiginfjárreglurnar bjóða ýmsa valmöguleika við útreikning á eiginfjárkröfu vegna útlána- og rekstraráhættu. Þannig hafa bæði eftirlitsyfirvöld og bankar val um ýmsar aðferðir sem henta best þeirra fjármálamarkaði og

starfsemi. Þá er í reglunum kveðið svo á að eftirlitsyfirvöld beri ábyrgð á að sannreyna framfylgni banka við reglurnar, þ.m.t. lágmarkskröfur þeirra.

Nýju eiginfjárreglurnar eru hannaðar með það fyrir augum að setja lágmarkseiginfjárkröfu fyrir alþjóðlega banka (e. International Active Banks). Nú sem fyrr verður hverju ríki heimilt að krefjast strangari viðmiðana, s.s. vegna óvissu í nákvæmni við mælingu á áhættu. Nýju eiginfjárreglurnar taka gildi í árslok 2006. Grunnáðferð innri matsaðferða verður leyfð frá og með árslokum 2006 en þróaðri innri matsaðferðir frá og með árslokum 2007.

Í þessari grein verður lesendum *Peningamála* gefin innsýn inn í meginhluta nýju eiginfjárreglnanna, einkum með áherslu á þætti sem frábrugðnir eru núgildandi eiginfjárreglum (Basel I). Fjallað verður um lágmarkseiginfjárkröfu (stoð I), eftirlit og eiginfjárþörf (stoð II) og markaðsaðhald (stoð III). Í umfjöllun um lágmarks eiginfjárkröfu er áherslan lögð á staðalaðferð og innri matsaðferðir við mat á útlána-áhættu auk aðferða við mat á rekstraráhættu.

### Stoð I – lágmarkseiginfjárkröfur

Almenna reglan er sú að nýju eiginfjárreglurnar gilda fyrir samstæður alþjóðlegra banka. Þannig ná reglurnar m.a. til eignarhaldsfélaga sem eru móðurfélög banka. Reglurnar gilda einnig fyrir alþjóðlega banka innan samstæðu.

#### *Eigið fé, áhættugrunnur og eiginfjárlutfall*

Eiginfjárlutfall skv. nýju eiginfjárreglunum er reiknað út frá skilgreindu eigin fé og reiknuðum áhættugrunni.

1. Höfundur starfar á fjármálasviði Seðlabanka Íslands.

2. *Basel-nefndin um bankaeftirlit* var sett á laggirnar árið 1974 af seðlabönkum G-10-landanna. Basel-nefndin vinnur m.a. að ýmsum stöðlum og leiðbeiningum um bestu framkvæmd bankaftirlits. Álit Basel-nefndarinnar hafa ekki lagagildi.

Skilgreint eigið fé skiptist í s.k. Tier 1-hluta (T1), Tier 2-hluta (T2) og Tier 3-hluta (T3). T1-hlutinn inniheldur hlutafé, yfirverðsreikning hlutafjár, óráðstafað eigið fé og víkjandi skuldabréf (e. innovative capital instruments). T2-hlutinn inniheldur endurmat, víkjandi lán, breytanleg skuldabréf (e. hybrid instruments) og almennan afskriftareikning (staðalaðferðin). T3-hlutinn inniheldur víkjandi lán til skamms tíma. Við útreikning á skilgreindu eigin fé er einnig tekið tillit til ýmissa frádráttarliða, s.s. vegna eignar í fjármála-, váttrygginga- og öðrum félögum. Framangreindur frádráttur frá eigin fé miðast við 50% af T1-eigin fé og 50% af T2-eigin fé.

Áhættugrunnur samanstendur af áhættuvegnum eignum vegna útlána og markaðsáhættu auk rekstrar-áhættu. Lágmarkseiginfjárlutfall nýrra eiginfjárreglna er 8% eins og í eldri eiginfjárreglum.

#### Meðferð afskriftareiknings

Í staðalaðferðinni er leyfilegt að bæta almennum afskriftareikningi við T2-hluta eigin fjár þó að hámarki 1,25% af áhættugrunni. Í innri matsaðferðunum þurfa bankar að bera afskriftareikning saman við fjárhæð vænts taps (e. expected loss amount, EL). Ef fjárhæð vænts taps er hærri en fjárhæð afskriftareiknings þarf að draga mismuninn frá eigin fé við útreikning á eiginfjárlutfalli. Frádrátturinn miðast við 50% af T1 og 50% af T2. Ef fjárhæð vænts taps er lægri en fjárhæð afskriftareiknings má bæta mismuninum við T2-eigið fé, þó að hámarki 0,6% af áhættugrunni.

#### Útlánaáhætta – staðalaðferð

Segja má að útfærsla staðalaðferðarinnar í nýju eiginfjárreglum sé beint framhald af núgildandi eiginfjárreglum. Ein helsta breytingin er heimild banka til að nota útlánaáhættumat matsfyrirtækja, sem eftirlitsyfirvöld hafa metið hæf til áhættumats, til að ákveða áhættuvægi útlána.<sup>3</sup> Hér verður greint frá helstu atriðum staðalaðferðarinnar við mat á útlánaáhættu.

#### Kröfur á þjóðríki og seðlabanka

Áhættuvægi krafna á þjóðríki og seðlabanka fer eftir áhættumati þeirra. Eftirfarandi tafla sýnir mat og afleitt áhættuvægi vegna krafna á þjóðríki og seðlabanka:

	AAA	A+	BBB+	BB+	Undir B-	Ómetið
Mat	til AA-	til A-	til BBB-	til B-		
Áhættuvægi	0%	20%	50%	100%	150%	100%

Eftirlitsyfirvöldum er heimilt að leyfa lægra áhættuvægi á kröfur á þjóðríki og seðlabanka í innlendum gjaldmiðli sem fjármagnaðar eru í sama gjaldmiðli.

#### Kröfur á banka

Í boði eru tveir valmöguleikar við að finna áhættuvægi vegna krafna á banka. Eftirlitsyfirvöld í hverju landi þurfa að velja annan hvorn valmöguleikann sem allir bankar í viðkomandi landi verða að nota.

Samkvæmt valmöguleika 1 er áhættuvægi banka leitt af áhættumati þjóðríkja. Þannig fá allir bankar í ríkjum með betra áhættumat en BB+ áhættuvægi sem er einum flokki óhagstæðara en áhættuvægi sem kröfur á ríki fá. Eftirfarandi tafla sýnir mat þjóðríkja og afleitt áhættuvægi krafna á banka:

	AAA	A+	BBB+	BB+	Undir B-	Ómetið
Mat á þjóðríki	til AA-	til A-	til BBB-	til B-		
Áhættuvægi banka	20%	50%	100%	100%	150%	100%

Samkvæmt valmöguleika 2 er áhættuvægi krafna á banka leitt af áhættumati banka. Ómetnir bankar fá 50% áhættuvægi. Þessi valmöguleiki gefur einnig færi á að skammtímakröfur (< 3 mán.) séu metnar einum flokki hagstæðari en aðrar kröfur nema hjá bönkum með lakara mat en B-. Eftirfarandi tafla sýnir áhættumat banka og afleitt áhættuvægi krafna á banka:

	AAA	A+	BBB+	BB+	Undir B-	Ómetinn
Mat á banka	til AA-	til A-	til BBB-	til B-		
Áhættuvægi	20%	50%	50%	100%	150%	50%
Áhættuvægi skammtíma-krafna	20%	20%	20%	50%	150%	20%

#### Fyrirtækjalán

Lán til fyrirtækja og váttryggingafélaga sem hafa áhættumat eða hafa gefið út áhættumetin skuldabréf fá eftirfarandi áhættuvægi:

3. Í þessari grein er notað sem viðmið áhættumat Standard & Poor's.

Mat	AAA til AA-	A+ til A-	BBB+ til BB-	Undir BB-	Ómetið
Áhættuvægi	20%	50%	100%	150%	100%

Ómetin útlán fá 100% áhættuvægi.

#### Lán til einstaklinga og smærri fyrirtækja

Lán til einstaklinga og smærri fyrirtækja (e. retail) fá 75% áhættuvægi. Til að falla í þann flokk þurfa útlán að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Útlán sé til einstaklings eða lítils fyrirtækis.
- Um sé að ræða n.k. neyslulán samkvæmt nánari skilgreiningu.
- Dreifni í útlánasafni sé tryggð.
- Samanlögð hámarksfyrirgreiðsla til eins aðila sé ekki hærrí en €1 milljón.

#### Útlán með veði í íbúðar- og atvinnuhúsnæði

Útlán með veði í íbúðarhúsnæði fá 35% áhættuvægi en jafnframt er tilgreint að eftirlitsyfirvöld skuli hækka áhættuvægið ef talið er að hlutfall útlána af verði íbúðarhúsnæðis sé of hátt.

Vegna reynslu undanfarinna áratuga af tapi útlána með veði í atvinnuhúsnæði er aðalreglan að slík lán fá 100% áhættuvægi. Heimilt er að víkja frá þessari meginreglu að uppfylltum ströngum skilyrðum.

#### Útlán í vanskilum

Útlán í 90 daga vanskilum, að teknu tilliti til sérgreindra afskrifta, með veði í íbúðarhúsnæði fá 100% áhættuvægi. Ef sérgreindar afskriftir eru hærrí en 20% af útláni er eftirlitsyfirvöldum heimilt að lækka áhættuvægi slíkra útlána í 50%.

Ótryggður hluti almenns útláns,<sup>4</sup> að teknu tilliti til sérgreindra afskrifta, sem verið hefur í vanskilum í fleiri en 90 daga fær eftirfarandi áhættuvægi:

- 150% ef sérgreindar afskriftir eru lægri en 20% af útláni.
- 100% ef sérgreindar afskriftir eru hærrí en 20% af útláni. Fari sérgreindar afskriftir yfir 50% af útláni er eftirlitsyfirvöldum heimilt að lækka áhættuvægið í 50%.

4. Eftir að tekið hefur verið tillit til viðurkenndra trygginga, einkum verðbréfa.

#### Staðalaðferð - áhættuvægi eigna

	Áhættuvægi
Þjóðríki og seðlabankar .....	Áhættumat
Fjármálafyrirtæki og sveitarfélög <sup>1</sup> .....	Valmöguleiki 1 eða valmöguleiki 2
Fyrirtæki .....	Áhættumat eða 100%
Lán til einstaklinga og smærri fyrirtækja .....	75%
Lán með veði í íbúðarhúsnæði .....	35%
Lán með veði í atvinnuhúsnæði .....	100%
Lán í vanskilum með veði í íbúðarhúsnæði .....	100% (50%)
Almenn lán í vanskilum (90 daga) .....	150%/100% (50%)
Hlutabréf .....	100%
Áhættuhlutabréf (e. venture capital) .....	150%
Aðrar eignir .....	100%

1. Hvort áhættuvægi sveitarfélaga fellur í flokk með áhættuvægi þjóðríkja eða fjármálafyrirtækja veltur á skilgreiningu á valdi sveitarfélaga til öflunar tekna.

#### Mat á útgefanda eða útgáfu

Ef útlán/krafa er metið við útgáfu gildir matið við ákvörðun á áhættuvægi. Ef útlán/krafa er ekki metið við útgáfu gildir eftirfarandi:

- Ef skuldari kröfu hefur útgáfumat á annarri kröfu gildir matið við ákvörðun á áhættuvægi ef krafan er jafn rétt há eða rétt hærrí þeirri kröfu sem hefur útgáfumat.
- Ef skuldari hefur áhættumat gildir matið um almennar kröfur (e. senior claims). Aðrar kröfur á útgefandann eru meðhöndlaðar eins og ómetnar kröfur.

#### Lágmörkun útlánaáhættu

Í nýju eiginfjárreglunum er heimiluð notkun fleiri trygginga til að lágmarka útlánaáhættu en í eldri reglum. Helstu veð/tryggingar sem heimilaðar eru í staðalaðferðinni eru reiðufé, gull, áhættumetin skuldabréf, skráð skuldabréf fjármálafyrirtækja, skráð hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Við mat á gildi veða/trygginga geta bankar valið um tvær aðferðir, s.k. einfalda aðferð eða aðra yfirgrípsmeiri. Í einfaldari aðferðinni er áhættuvægi veðs/tryggingar notað í stað áhættuvægis útláns en mismunur á líftíma (e. maturity) útláns og veðs/tryggingar ekki leyfður. Í yfirgrípsmeiri aðferðinni er gert ráð fyrir s.k. „haircut“, bæði á útlán og trygg-

ingu. Þannig er útlánið í raun hækkað en veðið/tryggingin lækkuð. Ef fjárhæð útláns, þannig meðhöndlaðs, er hærri en fjárhæð veðs/tryggingar er áhættumat skuldarans notað fyrir mismun upphækk-aðs útláns og niðurfærðs veðs/tryggingar.

### Útlánaáhætta – innri matsaðferðir

Þeir bankar sem það kjósa, að gefnu samþykki eftirlitsyfirvalda, geta notað s.k. innri matsaðferðir við útreikning á eiginfjárkröfu útlána. Þannig eru innri matsaðferðir notaðar til að reikna út áhættuvegnar eignir, sem samsvarar óvæntu tapi (e. unexpected loss, UL), og fjárhæð vænts taps (e. expected loss amount, EL). Vænt tap í fjárhæðum er borið saman við stöðu afskriftareiknings (almennan og sérgreindan afskriftareikning) þeirra liða sem vænt tap er reiknað út frá.

Eiginfjárlutfall banka sem nota innri matsaðferðir er eftirfarandi:

$$\frac{\begin{array}{l} \text{Skilgreint eigið fé} \\ + (\text{afskriftir} - \text{vænt tap í fjárhæðum}) \\ \text{Áhættuvegnar eignir (óvænt tap)} \\ + 12,5 \times \text{eiginfjárfkrafa vegna} \\ \text{markaðs- og rekstraráhættu} \end{array}}{\quad} \geq 8\%$$

Innri matsaðferðir nýrra eiginfjárreglna við útreikning á eiginfjárkröfu útlána byggjast einkum á fjórum þáttum: flokkun útlána, áhættuföllum, áhættustuðlum og lágmarkskröfum.

### Flokkun útlána

Í innri matsaðferðum útlána eru útlán (e. exposures) flokkuð í sjö flokka: fyrirtækjaútlán, útlán til hins opinbera, útlán til banka, útlán til einstaklinga og smærri fyrirtækja, hlutabréf í fjárfestingarbók, viðskiptakröfur og aðrar eignir. Flokkun útlána skiptir miklu máli því að um mismunandi flokka útlána gilda mismunandi áhættuföll, áhættustuðlar og lágmarkskröfur. Þá eru undantekningar frá meginreglum og innleiðingarferli mismunandi milli flokka útlána.

### Áhættuföll

Áhættuföll (e. formulas) eru notuð til að reikna út áhættuvegnar eignir sem samsvara óvæntu tapi. Áhættuföll innri matsaðferða eru fimm. Þannig er eitt áhættufall notað fyrir útlán til fyrirtækja, hins opinbera og banka, annað áhættufall tekur tillit til smárra og meðalstórra fyrirtækja og þrjú áhættuföll gilda um

mismunandi lán til einstaklinga og smærri fyrirtækja (e. retail). Um aðra eignaflokka gilda mismunandi reglur við útreikning á áhættuvegnum eignum.

Áhættufall fyrir útlán til fyrirtækja, hins opinbera og banka er eftirfarandi:<sup>5</sup>

$$\begin{aligned} \text{Fylgni (R)} &= 0.12 \times (1 - \text{EXP}(-50 \times \text{PD})) / (1 - \text{EXP}(-50)) \\ &+ 0.24 \times [1 - (1 - \text{EXP}(-50 \times \text{PD})) / (1 - \text{EXP}(-50))] \end{aligned}$$

$$\text{Líftíma leiðrétting (b)} = (0.11852 - 0.05478 \times \ln(\text{PD}))^2$$

$$\begin{aligned} \text{Eiginfjárfkrafa (K)} &= [\text{LGD} \times \text{N} [(1 - \text{R})^{-0.5} \times \text{G}(\text{PD}) \\ &+ (\text{R} / (1 - \text{R}))^{0.5} \times \text{G}(0.999)] - \text{PD} \times \text{LGD}] \\ &\times (1 - 1.5 \times \text{b})^{-1} \times (1 + (\text{M} - 2.5) \times \text{b}) \end{aligned}$$

$$\text{Áhættuvegnar eignir (RWA)} = \text{K} \times 12.5 \times \text{EAD}$$

### Áhættustuðlar

Í innri matsaðferðum þurfa bankar að reikna út áhættustuðla sem notaðir eru í áhættuföllum við útreikning á áhættuvegnum eignum sem samsvarar óvæntu tapi og við útreikning á fjárhæð vænts taps. Áhættustuðlar innri matsaðferða eru fjórir: líkur á vanskilum lántaka (e. probability of default, PD), tap við vanskil (e. loss given default, LGD), útlán við vanskil (e. exposure at default, EAD) og líftími (e. effective maturity, M). Líkur á vanskilum og tap við vanskil eru mæld í prósentum. Líkur á vanskilum (90 daga) eru miðaðar við eitt ár og reiknaðar fyrir hvern áhættuflokk sem þurfa að vera a.m.k. sjö talsins.

### Lágmarkskröfur

Bankar þurfa samþykki eftirlitsyfirvalda til að nota innri matsaðferðir við útreikning á eiginfjárkröfu. Til að samþykki fái þurfa bankar að uppfylla margvíslegar lágmarkskröfur, bæði í upphafi þegar innramat er fyrst tekið í notkun og svo ávallt síðar.

Mikilvægt er að áhættumatskerfi útlána sé samþætt samþykktarferli útlána, áhættustýringu og stjórnun. Skjölun forsendna áhættumatskerfis þarf að liggja fyrir þar sem m.a. kemur fram hvernig kerfið stenst lágmarkskröfur reglnanna. Gerð er krafa um óháð útlánaeftirlit sem ber ábyrgð á hönnun eða vali áhættumatskerfis, innleiðingu þess og virkni. Innri endurskoðun, eða annar óháður aðili, þarf að yfirfara

5. Ln stendur fyrir náttúrulegan lógaritma. N(x) stendur fyrir dreififall staðal normalbreytu. G(z) stendur fyrir öfugt dreififall staðal normal slemmbreytu.

áhættumatskerfið a.m.k. árlega og kanna virkni þess. Þá þarf reglulega að kanna samspil áhættumatskerfis og útlánaferils, meta áhættustuðla og kanna framfylgni við lágmarkskröfur reglnanna.

### *Grunnaðferð og þróaðri aðferð*

Við útreikning á eiginfjárkröfu eigna bjóðast tvær innri matsaðferðir, grunnaðferð og þróaðri aðferð. Í grunnaðferðinni þurfa bankar að reikna út líkur á vanskilum en notast annars við gefna áhættustuðla skv. eiginfjárreglunum. Í þróaðri aðferðinni reikna bankar út líkur á vanskilum, tap við vanskil, útlán við vanskil og líftíma.

Ekki er gerður greinarmunur á meðhöndlun útlána til einstaklinga og smærri fyrirtækja (e. retail), hvort sem bankar nota grunnaðferð eða þróaðri aðferð. Við útreikning á áhættuvegnum útlánnum til einstaklinga og smærri fyrirtækja þurfa bankar sem nýta innri matsaðferðir að reikna út eigin stuðla fyrir líkur á vanskilum, tap við vanskil auk fjárhæðar útlána við vanskil.

Innri matsaðferðir leyfa notkun fleiri trygginga til lækkunar eiginfjárkröfu en staðalaðferðin.

### *Innleiðing innri matsaðferða*

Við innleiðingu innri matsaðferða við útreikning á eiginfjárkröfu þurfa bankar að gera s.k. innleiðingar-áætlun sem eftirlitsyfirvöld þurfa að samþykkja. Áætlunin þarf að innihalda upplýsingar um hvernær og hvernig bankinn hyggst innleiða innra mat á áhættu mismunandi eignaflokka. Ýmislegt getur valdið því, s.s. vöntun gagna, að ógerlegt sé að meta áhættustuðla sumra eignaflokka. Við slíkar aðstæður geta eftirlitsyfirvöld heimilað notkun innri matsaðferða á hluta eigna en á öðrum hluta (oftast smærri eignaflokka og áhættulitla) sé notast við stöðluðu aðferðina. Þá geta eftirlitsyfirvöld heimilað bönkum að nota grunnaðferðir í fyrstu og síðar þróaðri aðferðir þegar skilyrði þeirra eru uppfyllt. Bönkum sem nota innra mat við útreikning á eiginfjárkröfu verður ekki heimilt að hætta innra mati og taka upp staðalaðferð nema undir óvenjulegum kringumstæðum, s.s. ef stór hluti útlánasafnsins yrði seldur.

Samkvæmt nýju eiginfjárreglunum verður grunnaðferðin leyfileg frá árslokum 2006 en þróaðri aðferð frá árslokum 2007. Ári fyrir innleiðingu, þ.e. árið 2006 fyrir grunnaðferðina og 2007 fyrir þróaðri aðferðina, þurfa bankar að reikna bæði út eiginfjár-

kröfu samkvæmt eldri eiginfjárreglum frá 1988 og eiginfjárkröfu skv. innri matsaðferðum. Fram til ársloka 2009 verður í gildi ákveðið gólf sem kemur í veg fyrir umtalsverða lækkun áhættugrunns vegna upptöku innri matsaðferða.

Við upphaf innleiðingar innri matsaðferða við útreikning á eiginfjárkröfu geta bankar notast við tveggja ára söguleg gögn við útreikning á áhættustuðlum. Eftir þriggja ára notkun innri matsaðferða skulu söguleg gögn ná aftur til fimm ára.

### *Rekstraráhætta*

Í nýju eiginfjárreglunum er rekstraráhætta skilgreind sem áhætta á tapi annars vegar vegna ófullnægjandi innri ferla og kerfa og hins vegar vegna þess að fólk og kerfi bregðist. Þá getur rekstraráhætta komið til vegna ytri atburða.

Nýju eiginfjárreglurnar gefa kost á þremur aðferðum við útreikning á eiginfjárkröfu vegna rekstraráhættu: grunnaðferð, staðlaðri aðferð og þróaðri aðferð.

### *Grunnaðferð*

Í grunnaðferð er eiginfjárfrafa vegna rekstraráhættu metin sem 15% af meðaltali hreinna rekstrartekna næstliðin þrjú ár. Þá eru bankar sem nota grunnaðferð hvattir til að fara eftir leiðbeiningum Baselnefndarinnar um stjórnun rekstraráhættu (e. Sound Practices for the Management and Supervision of Operational Risk).

### *Stöðluð aðferð*

Í staðlaðri aðferð er starfsemi banka skipt niður í átta svið: fyrirtækjaráðgjöf (e. corporate finance), eigin viðskipti og sölu (e. trading & sales), viðskiptabankaþjónusta (e. retail banking), fyrirtækjasvið (e. commercial banking), greiðslumiðlun og uppgjör (e. payment & settlement), miðlun (e. agency services), eignastýringu (e. asset management) og miðlun til einstaklinga (retail brokerage). Innan hvers sviðs eru hreinar rekstrartekjur notaðar til að nálga rekstraráhættu. Eiginfjárfrafa hvers sviðs er fundin út með því að margfalda hreinar rekstrartekjur með gefnum stuðlum á bilinu 12% til 18%. Heildareiginfjárfrafa rekstraráhættu er metin sem þriggja ára meðaltal samanlagðra eiginfjárfrafa allra sviða.

Rétt er að taka fram að eftirlitsyfirvöld geta heimilað önnur viðmið en hreinar rekstrartekjur við að

nálga rekstraráhættu viðskiptabankaþjónustu og fyrirtækjasviðs. Sé slíkt leyft geta bankar reiknað rekstraráhættu framangreindra sviða út frá fjárhæð útlána og ábyrgða.

Notkun staðlaðrar aðferðar við útreikning á eiginfjárkröfu rekstraráhættu er háð ýmsum lágmarksskilyrðum. Skilyrðin lúta m.a. að umgjörð rekstraráhættu, gæðum áhættumatskerfa auk eftirlits og endurskoðunar.

#### *Þróaðri aðferð*

Í þróaðri aðferð nota bankar eigin innri áhættumatskerfi við að meta rekstraráhættu. Þannig þurfa bankar að halda utan um innri upplýsingar um tap og nota upplýsingarnar til að reikna eiginfjárkröfu vegna rekstraráhættu. Notkun innri áhættumatskerfa við útreikning á eiginfjárkröfu er háð ýmsum eigindlegum og megindlegum (e. qualitative and quantitative) skilyrðum. Sem dæmi um fyrrnefndu skilyrðin þurfa bankar að hafa óháða einingu sem ber ábyrgð á umgjörð rekstraráhættustýringar, áhættustýringarkerfi þurfa að vera samofin daglegri starfsemi og skjölun á forsendum rekstraráhættustýringarkerfis þarf að vera fyrir hendi. Jafnframt þurfa innri og ytri endurskoðendur að meta ferli og kerfi reglulega auk mats á þeirri einingu sem ábyrgð ber á umgjörð rekstraráhættustýringar. Eftirlitsyfirvöld þurfa að samþykkja notkun þróaðri aðferða.

## Stoð II – eftirlit og eiginfjárbörf

Höfuðmarkmið stoðar II um eftirlit og eiginfjárbörf er að tryggja að sérhver banki hafi nægjanlegt eigið fé með hliðsjón af eigin áhættu. Einnig er stoð II ætlað að hvetja banka til að þróa og nota bestu áhættustýringartæki og vera n.k. rammi fyrir samskipti eftirlitsyfirvalda og banka.

Undir stoð II er m.a. fjallað um mat banka á heildareiginfjárbörf og könnun eftirlitsyfirvalda á mati bankanna. Jafnframt er fjallað um lágmarks eigið fé og fyrirbyggjandi eftirlit.

#### *Mat banka á eiginfjárbörf*

Bankar þurfa að hafa ferli til að meta heildaráhættu og eiginfjárbörf í framhaldinu. Við mat á heildaráhættu þarf að líta til þeirra áhættuþátta sem ekki er fjallað um í stoð I-hluta reglnanna eða umfjöllun í

stoð I er ekki tæmandi. Þeir áhættuþættir sem helst um ræðir eru samþjöppun útlánaáhættu, rekstraráhætta, markaðsáhætta, vaxtaáhætta í lánabók og lausafjáraáhætta. Við eiginfjármatið skal m.a. nota álagspróf. Þannig þurfa bankar að geta sýnt fram á að markmið um eiginfjárhlutfall séu í samræmi við áhættu. Lögð er áhersla á yfirsýn stjórnar og stjórnenda yfir áhættustýringu. Þá er mikilvægt að innra eftirlit banka yfirfari eiginfjármatið.

#### *Könnun eftirlitsyfirvalda*

Eftirlitsyfirvöld eiga að yfirfara áhættumat banka og mat á eiginfjárbörf. Jafnframt eiga eftirlitsyfirvöld að kanna framfylgni banka við ýmis skilyrði eiginfjárreglnanna. Ef eftirlitsyfirvöld eru ekki sátt við framangreint skulu þau grípa til viðeigandi ráðstafana.

#### *Eigið fé og fyrirbyggjandi eftirlit*

Eftirlitsyfirvöld eiga að ætlast til þess að eiginfjárhlutföll banka séu að jafnaði hærrí en lágmarks-eiginfjárhlutföll. Jafnframt eiga eftirlitsyfirvöld að hafa vald til að krefja banka um eigið fé umfram lágmarks eigið fé. Eftirlitsyfirvöld eiga að grípa til tím-anlegra ráðstafana svo að eigið fé banka lækki ekki niður fyrir nauðsynlegt lágmark m.t.t. áhættu og krefjast úrbóta ef svo fer.

## Stoð III – markaðsaðhald

Þriðja stoð nýrra eiginfjárreglna um markaðsaðhald myndar heild með fyrstu og annarri stoð reglnanna. Eins og fram hefur komið gefa innri matsaðferðir bönkum meira svigrúm við mat á eiginfjárkröfu en áður. Basel-nefndin vill stuðla að markaðsaðhaldi með því að krefja banka hálfárslega um birtingu margvíslegra innri upplýsinga, bæði talnalegra og annarra. Þær upplýsingar sem hér um ræðir varða gildissvið, samsetningu eigin fjár, mat á eiginfjárkröfu, áhættuþætti, áhættumat o.fl. Með því að birta upplýsingar um framangreint geta markaðsaðilar betur metið áhættu banka og gert samanburð þeirra á milli. Við val á upplýsingum til birtingar reyndi Basel-nefndin að feta bilið milli annars vegar trúnaðarupplýsinga og hins vegar viðeigandi upplýsinga sem mikilvægar eru við mat á áhættu og samanburð.

Hægt er að koma framangreindum upplýsingum á framfæri með margvíslegum hætti, s.s. í ársskýrslu, á veraldarvefnum eða með öðrum hætti allt eftir ákvörðun eftirlitsyfirvalda. Séu upplýsingarnar settar fram í ársskýrslu þurfa bankar að útskýra muninn á upplýsingum skv. eiginfjárreglunum og skýringum með ársreikningi.

### Lokaorð

Á Íslandi gilda eiginfjárreglur Fjármálaeftirlitsins fyrir fjármálafyrirtæki sem hér starfa. Reglur Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á tveimur tilskipunum Evrópusambandsins (ESB) sem m.a. fjalla um eiginfjármálefni. Þær tilskipanir sem hér um ræðir eru annars vegar tilskipun 2000/12/EB um stofnun og

rekstur lánastofnana (2000/12) og hins vegar tilskipun 93/6/EBE um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (93/6). Eiginfjárvæði tilskipana 2000/12 og 93/6 byggjast að stórum hluta á eiginfjárreglum Basel-nefndarinnar (Basel I).

Samhliða vinnu Basel-nefndarinnar að nýjum eiginfjárreglum hefur Framkvæmdastjórn ESB unnið að endurskoðun á eiginfjárvæðum tilskipana 2000/12 og 93/6 með það að markmiði að samræma eiginfjárvæðin nýjum eiginfjárreglum Basel-nefndarinnar (Basel II). Þannig hefur innihald nýrra eiginfjárreglna Basel-nefndarinnar gildi fyrir íslensk fjármálafyrirtæki þótt reglurnar hafi ekki lagagildi hérlendis.

Tillögur Basel-nefndarinnar um nýjar eiginfjárreglur (Basel II) er að finna á: <http://www.bis.org>.